

# Samþykkt

fyrir landbúnaðarnefnd Fjarðabyggðar

1. gr.

Landbúnaðarnefnd fer, sem undirnefnd umhverfismálaráðs og í umboði bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, með stjórn landbúnaðar- og búfjárhaldsmála samkvæmt lögum og reglugerðum sem um framangreinda málaflokka gilda að svo miklu leyti sem bæjarstjórn lætur þau sig varða og eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

2. gr.

Landbúnaðarnefnd er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara, kosnum af bæjarstjórn eftir tilnefningu umhverfismálaráðs. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann. Kjörtímabil þess er sama og bæjarstjórnar.

3. gr.

Formaður nefndarinnar undirbýr og boðar fundi hennar og framkvæmir ákvarðanir þess. Forstöðumanni umhverfissviðs og formanni umhverfismálaráðs er heimil seta á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Ennfremur getur ráðið kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins og boðið aðilum að koma á sinn fund til viðræðna um einstök málefni. Ráðið skal halda gerðabók og skulu fundargerðir þess hljóta staðfestingu umhverfismálaráðs og bæjarstjórnar.

4. gr.

Umhverfismálaráð mótar stefnu bæjarins í þeim málaflokkum sem falla undir verksvið landbúnaðarnefndar að fengnum tillögum hennar. Formaður umhverfismálaráðs er í forsvari fyrir nefndina um stefnumótun og ákvarðanir hennar eftir því sem við á. Þá skal nefndin gera tillögu að fjárhagsáætlun til umhverfismálaráðs.

5. gr.

Landbúnaðarnefnd gerir tillögu til bæjarstjórnar um ráðningu fjallskilastjóra og búfjárefntirlitsmanna samkvæmt lögum þar að lútandi.

6. gr.

Hlutverk landbúnaðarnefndar er:

- Að vera bæjarstjórn til ráðgjafar og hafa umsjón og eftirlit með málum er varða fjallskil og búfjárefntirlit og önnur þau mál er falla undir verksvið nefndarinnar.*
- Að gera tillögur til umhverfismálaráðs um afgreiðslu mála sem lúta að gerð fjárhagsáætlunar, frávikum frá fjárhagsáætlun og gjaldskrá.*

## Fjarðabyggð

---

c. *Að hafa handbærar sem gleggstar upplýsingar um þau mál í Fjarðabyggð, sem heyra undir verksvið nefndarinnar.*

7.gr.

Um fundarsköp á fundum landbúnaðarnefndar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Fjarðarbyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

8. gr.

Um málsmeðferð landbúnaðarnefndar, heimildir hennar til fullnaðarákvarðana, endurupptöku mála og stjórnsýslukærur skal fara eftir fyrirmælum sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og upplýsingalaga nr. 50/1996.

9.gr

Landbúnaðarnefnd fellur í skipuriti bæjarins undir málaflokkinn umhverfismál og er yfirstjórn á hendi forstöðumanns umhverfismálasviðs sem sér um að framkvæma ákvarðanir nefndarinnar.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Fjarðabyggðar 6. júlí 2006

Guðmundur Bjarnason  
bæjarstjóri